

fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald er því fullnægt.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald kærða, Einars Gunnars Bollasonar, fram-
lengist um 30 daga frá kl. 1125 11. mars 1976.

Fimmtudaginn 25. mars 1976.

Nr. 194/1974. **Dánarbú Jónasar Kristjánssonar og
Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Rögnvaldi Árnasyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjóns-
son, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Greiðslutilboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið
upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 11. nóvember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. októ-
ber 1974. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og
málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að „hinn áfrýjaði dómur
verði staðfestur, þ. e. a. s. að áfrýjendum verði dæmt“ að
greiða sér óskipt „kr. 1.103.263.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 3.
september 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim
degi til 16. desember, en af kr. 216.821.00 frá þeim degi til
greiðsludags, kr. 150.000.00 í málskostnað — en allt að frá-

dregnum 886.442.00 kr., er greiddar voru hinn 16. desember 1974“. Þá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Samkvæmt skýrslu umboðsmanns áfrýjenda andaðist Jónas Kristjánsson 27. janúar 1975, og hefur dánarbúi hans tekið við málsaðild hans.

Í héraðsdómi er rakinn útreikningur Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, dags. 10. júní 1974, sem lögmaður áfrýjenda sendi héraðsdómara eftir munnlegan flutning máls og dómtöku þess ásamt fylgiskjali. Þau gögn voru þó eigi lögð fram sem málsskjöl fyrir héraðsdómi, en hafa verið lögð fyrir Hæstarétt sem ný gögn.

Fé það, 781.500 krónur, sem áfrýjandi Samvinnutryggingar g/t lagði á sparisjóðsreikning nr. 18914 við Landsbanka Íslands á Akureyri 7. september 1973 á nafn stefnda, tók stefndi út úr reikningnum 16. desember 1974 með samþykki áfrýjanda Samvinnutrygginga g/t ásamt þeim vöxtum, er hæst höfðu við innstæðuna til þess tíma, en þeir virðast hafa verið 104.942 krónur. Nam sú fjárhæð, er stefndi veitti viðtöku, alls 886.442 krónum.

Svo sem segir í héraðsdómi, hafa áfrýjendur viðurkennt bótaskyldu sína vegna slyss þess, sem í málinu greinir.

Miða verður við það, að fjárgreiðsla sú, sem áfrýjandi Samvinnutryggingar g/t bauð stefnda 28. ágúst 1973 í bætur vegna örorku og annars tjóns hans vegna meiðsla sinna, hafi verið bundin því skilyrði, að stefndi kvittaði fyrir fénu sem fullnaðarbótum. Verður þetta m. a. séð af bréfi Samvinnutrygginga til stefnda 7. september 1973. Ekki var einsýnt, hverjar bætur væru hæfilegar. Var stefnda rétt að synja viðtöku fjáris með framangreindu skilyrði. Hann hafði því ástæðu til málssóknar sinnar.

Kemur þá til álita, hvert bótaskyldt tjón stefndi hafi beðið og hvort hann hafi þegar fengið það bætt að fullu með því fé, sem hann veitti viðtöku eftir uppsögu héraðsdóms, eins og greint var, og með þeirri 50.000 króna greiðslu upp í bætur, sem hann fékk frá áfrýjanda Samvinnutryggingum g/t

árið 1972. Verður fjallað um bótakröfur hans og rætt um einstaka kröfuliði í sömu röð og gert er í héraðsdómi.

Um 1. kröfulið.

Samkvæmt útreikningum Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings 25. maí 1974, sem rakinn er í héraðsdómi, nemur verðmæti taps stefnda miðað við slysdag 215.362 krónum vegna tímabundinnar örorku og 1.304.463 krónum vegna varanlegrar örorku, eða alls 1.519.825 krónum. Með hliðsjón af áætlun þessari, og þegar tillit er tekið til þess, svo sem dómvenja er, að bæturnar eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari, gætt er hagræðis stefnda af því að fá bæturnar greiddar í einu lagi svo og þess, að almennir innlánsvextir eru hærri en þeir vextir, sem reiknað er með í áætlun tryggingastærðfræðingsins, og jafnframt litið til þess, sem leitt er í ljós um tekjur stefnda eftir slysið, þá þykja bætur til hans úr hendi áfrýjenda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar samtals 780.000 krónur. Hafa þá verið dregnar frá tjóninu þær greiðslur, sem stefndi hefur fengið vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins, 229.523 krónur, frá Sjúkrasamlagi Akureyrar, 42.442 krónur, og frá vinnuveitanda sínum, 28.535 krónur.

Um 2.—4. kröfulið.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um þessa kröfuliði.

Um 5.—6. kröfulið.

Rétt þykir að taka tillit til þessara kröfuliða við ákvörðun málskostnaðar.

Um 7. kröfulið.

Rétt þykir að ákveða bætur samkvæmt þessum kröfulið 100.000 krónur, en það er sú fjárhæð, sem áfrýjendur féllust á að greiða.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón stefnda, sem aðaláfrýjendum er skylt að bæta, alls 901.740 krónum (780.000 + 15.000 + 6.740 + 100.000 krónur).

Upp í tjón stefnda samkvæmt framansögðu hefur hann fengið greiðslur svo sem nú skal greint:

1. Greiðsla frá áfrýjanda Samvinnutrygging-
um g/t árið 1972 kr. 50.000
2. Fé, sem stefndi tók út úr sparisjóðsreikningi
nr. 18914 hinn 16. desember 1974 — 886.442

Alls kr. 936.442

Af þessu voru hins vegar:

- a) Vextir frá slysdegi til 7. septem-
ber 1973 af bótafé samkv. útreikn-
ingi áfrýjanda Samvinnutrygg-
inga g/t kr. 50.500
- b) Áætlaður kostnaður vegna lög-
mannsaðstoðar við uppgjör
tjóns — 41.500
- c) Vextir af innstæðu á sparisjóðs-
reikningi nr. 18914 frá 7. sept-
ember 1973 til 16. desember
1974 — 104.942 kr. 196.942

Mismunurinn er kr. 739.500

og verður sú upphæð dregin frá bótakröfu stefnda á hendur áfrýjendum, eins og hún hefur verið ákveðin samkvæmt áður-
sögðu. Samkvæmt því nemur tjón stefnda, sem enn er óbætt,
alls 162.240 krónum ($901.740 \div 739.500$ krónur). Verða
áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda þá fjárhæð óskipt
ásamt vöxtum, svo sem stefndi hefur krafist.

Rétt er að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt
málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans
þykir þó bera að taka tillit til þess, að stefndi hefur þegar feng-
ið greiddar 41.500 krónur vegna lögmannsaðstoðar við kröfu-
gerð sína á hendur aðaláfrýjendum. Eftir öllum atvikum
þykir mega ákveða málskostnaðinn alls 160.000 krónur í
héraði og fyrir Hæstarétti.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur athugasemda-
laust tekið upp í dóm sinn áðurgreindan örorkutjónsútreikn-

ing Þóris Bergssonar frá 10. júní 1974, þótt útreikningurinn væri ekki lagður fram sem dómsskjal á bæjarþinginu og stefndi hefði ekki átt þess kost að tjá sig um hann, svo að séð verði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, dánarbú Jónasar Kristjánssonar og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnda, Rögnvaldi Árnasyni, óskipt 162.240 krónur með 7% ársvöxtum frá 3. september 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 160.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Benedikt Sigurjónssonar og Björns Sveinbjörnssonar.

Eins og rakið er í héraðsdómi, bauð áfrýjandi Samvinnutryggingar g/t hinn 28. ágúst 1973 að bæta tjón stefnda með heildargreiðslu, 781.500 krónum. Í greiðsluboðinu voru meðtaldir vextir, 50.500 krónur, og innheimtupóknun, 41.500 krónur. Þá var þar tekið tillit til bótagreiðslna, sem stefndi hafði áður fengið vegna slyssins. Tekið er fram í boðinu, að um hækkun á bótafjárhæð geti ekki verið að ræða. Boði þessu hafnaði stefndi með bréfi 4. september 1973. Hinn 7. september s. á. lagði áfrýjandi Samvinnutryggingar g/t fé þetta í sparisjóðsbók á nafni stefnda og tilkynnti honum jafnframt með bréfi, að hann gæti vitjað sparisjóðsbókarinnar og kvittað um leið fyrir fullnaðarbótum.

Eftir uppsögu héraðsdóms varð að samkomulagi, að stefndi veitti viðtöku fé þessu. Hóf stefndi innstæðuna úr sparisjóðsbókinni 16. desember 1974, og nam hún þá með vöxtum 886.442 krónum.

Telja verður, að fé það, sem áfrýjandi Samvinnutryggingar g/t bauð stefnda 28. ágúst 1973, hafi þann dag nægt til greiðslu þeirra bóta, sem stefndi gat krafist úr hendi áfrýj-

enda. Þrátt fyrir skilyrði það, sem fylgdi greiðsluboðinu, þykir stefndi því ekki geta krafið um hærri greiðslur síðar, þar sem hækkunin byggist eingöngu á kauplagsbreytingum. Með skírskotun til þessa ber að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Þar sem áfrýjandi Samvinnutryggingar g/t skilyrtu greiðsluboð sitt á þann hátt, sem að framan greinir, var stefnda rétt að höfða mál til heimtu kröfu sinnar. Af þessum sökum þykir rétt að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað í héraði, sem ákveðst 80.000 krónur, en málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Við erum samþykkir athugasemd meiri hluta dómenda.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, dánarbú Jónasar Kristjánssonar og Samvinnutryggingar g/t, skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Rögnvalds Árnasonar, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði óskipt stefnda 80.000 krónur í málskostnað í héraði. Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. júlí 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., hefur Rögnvaldur Árnason, Vanabyggð 15, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 1. október 1973, á hendur Jónasi Kristjánssyni, Skólastíg 7, Akureyri, og Samvinnutryggingum til heimtu skaðabóta.

Í stefnu og greinargerð gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 1.504.643 með 7% ársvöxtum frá 3. september 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfur sínar til samræmis við nýjan örorkuútreikning þannig, að endanleg kröfugerð hans er, að stefndu verði dæmdir til að greiða kr. 1.833.650 auk vaxta og málskostnaðar eins og áður greinir.

Stefndu gera þær kröfur, að þeim verði dæmd sýkna af dómkröfum stefnanda gegn afhendingu skilríkja fyrir innborgun geymslufjár á nafni stefnanda á sparisjóðsreikningi nr. 18914 í Landsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, að upphæð kr. 781.500. Til vara krefjast stefndu þess, að geymslufé þetta verði metið fullgild innborgun til stefnanda upp í tjón hans af völdum slyss þess, er um ræðir í málinu, ef svo yrði litið á, að geymsluféð hrökkvi eigi til sem fullar bætur á tjóni hans, og þá umreiknað til verðlags á þeim tíma, er dómur gengur.

Þá krefjast stefndu fulls málskostnaðar að mati dómsins í aðalkröfu, en að málskostnaður verði látinn falla niður, reyni á aðrar kröfur.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt 3. september 1972 var stefnandi ásamt eiginkonu sinni, Nikólinu Þorkelsdóttur, á ferð í bifreið stefnanda, A 4393, í Kaupvangsstræti á Akureyri. Var þá bifreiðinni A 363 ekið á bifreið stefnanda með miklum hraða með þeim afleiðingum meðal annars, að stefnandi slasaðist. Ökumaður A 363 var Hreinn Jónason, en eigandi bifreiðarinnar Jónas Kristjánsson, stefndi í máli þessu, en ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar var stefndi Samvinnutryggingar.

Í áverkavottorði Eiríks Sveinssonar, læknis á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, dagsettu 27. október 1972, segir svo:

„Þann 3/9 '72 er komið með slasaðan mann á Handlæknisdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, sem kveðst heita Rögnvaldur Árnason, vera fæddur 16/3 '20, til heimilis að Vanabyggð 15, Akureyri.

Segist hafa verið á ferð í bíl sínum kl. 01.30 þann 3/9 '72 og var á leið upp svokallað Gil á Akureyri, er annar bíll kom á mikilli ferð niður brekkuna, sveiflaðist til og frá og endaði loks á hlið Cortinunnar, þrátt fyrir að hann reyndi að forða sér upp á gangstétt. Maðurinn sat vinstra megin og fékk mikið högg og kemur hingað, eins og áður segir, kl. 01.30. Við skoðun kemur fram ljótur áverki á v. öxl, þ. e. krossskaði, tættur óhreinn, og sjúkl. gat ekki hreyft öxlina.

Við myndatöku af öxlinni kom í ljós mjög slæmur axlaráverki með fjölda beinbrota, bæði á viðbeini og herðablaði. Þrátt fyrir skaðann leið sjúklingi allvel og hafði fulla meðvitund.

Sjúklingur var síðan meðhöndlaður hér allengi, en var síðan leyft að fara heim þann 9/10 '72, þá í allgóðu ástandi, en algerlega óvinnufær.

Sjúklingur hefur fengið fysiotherapy á endurhæfingarstöð-inni að Bjargi, hefur farið allnokkuð fram og hefur verið til eftirlits á Göngudeild spítalans hér. Hann telst ekki vinnufær, þegar þetta vottorð er skrifað, en heldur áfram meðferð sinni. Ytri skaðinn á öxlinni er gróinn, en e. t. v. þarf síðar að gera aðgerð á öxl sjúklings, þó of snemmt sé um það að segja ennþá“.

Í læknisvottorði frá Gauta Arnþórssyni, yfirlækni á Fjórðungs-sjúkrahúsi Akureyrar, dags. 12. mars 1973, segir svo:

„Má nú teljast gróinn og ástandið nánast stationert. Clavicular-fractura hefur gróið með allmikilli dislocation, en er stöðug og eymslalaus. Tuberculum majus var afslitið og disloserað upp á við vel 3 cm og hefur festst í þeirri stellingu. Aðrar fracturur á svæðinu ekki áhugaverðar.

Hefur sjö sinnum tveggja cm stórt, nokkuð rautt og inndregið ör aftan til yfir deltoideussvæði, þar sem áverkinn var opinn.

Hreyfingar í humeroscapularliðum:

	H.	V.
Elevation út á við	180°	120°
Elevation fram á við	180°	130°
Elevation aftur á við	40°	30°
Rotation út á við	30°	15°
Rotation inn á við	110°	100°

Hreyfing í v. humeroscapularlið er sársaukalaus innan hreyf-ingarsviðsins. Kvartar ekki um verki í öxlinni. Hins vegar mátt-lítill og þreytist fljótt við vinnu sína og fær þá nokkurn verkja-seiðing í svæðið, en þarf að jafnaði ekki verkjatöflur. Ekki nætur-verkir. Armur og hönd a. ö. l. heil. Ósennilegt er, að hreyfisvið axlarliðar aukist verulega frá því, sem nú er. Hins vegar mun kraftur og úthald að sjálfsögðu aukast og vinnugeta sennilega þess vegna“.

Jónas Hallgrímsson yfirlæknir mat örorku stefnanda þann 4. júní 1973. Í vottorði hans segir meðal annars:

„Rögnvaldur kom til undirritaðs þann 2/6 1973. Hann kvaðst vera réttthentur. Segist vera sæmilegur. Getur ekki tekið upp þunga hluti, til dæmis hurðir. Telur kraft sinn aðeins hálfan í vinstri handlegg miðað við það, sem hann var áður. Við átök fær hann sársauka í vinstri öxl, en hann hverfur fljótlega, þegar átökin hætta. Sárast er að lyfta handleggnum upp og taka hann að sér. Sækir á hann ónot á næturnar og þegar hann er frá vinnu,

en finnur lítið til þess í starfinu. Óþægindin halda stundum vöku fyrir honum. Heit böð og rafmagnspúði hafa bætt hann mikið. Rögnvaldi finnst hann ekki vera að lagast og óþægindin við vinnuna frekar vera að aukast og hann vera lengur að jafna sig en áður.

Við skoðun sést ör 8×2 cm utan á vinstri öxl (regio deltoidea). Virðist deltoideus vöðvinn þeim megin rýrari. Vinstri öxlin er töluvert hærri og styttri en sú hægri. Vinstra viðbein er sennilega styttra og afmyndað distalt. Ummál handleggja 10 cm ofan og neðan við endann á olecranon er eftirfarandi:

Hægri upphandleggur	33 cm
Vinstri upphandleggur	31 cm
Hægri framhandleggur	29 cm
Vinstri framhandleggur	28.5 cm

Hreyfisvið vinstra axlarliðs er svipað og fram kemur í vottorði Gauta Arnþórssonar. Kraftur við elevation er miklu minni vinstra megin en hægri megin og tekur í innanvert á vinstri upphandlegg.

Niðurstaða:

Rögnvaldur hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Hreyfisvið vinstri axlar er varanlega takmarkað og lítils háttar rýrnun hefur orðið á vinstri upphandlegg, sem verður að teljast stafa af minni notkun handleggsins, og öxlin vinstra megin er dálítið afmynduð. Eru ekki líkur til, að hann lagist neitt úr þessu og gæti jafnvel versnað vegna gigtar, þegar frá líður. Örorka Rögnvalds telst sem hér segir:

Frá slysinu í 3 mánuði	100%
Síðan í 2 mánuði	75%
Síðan í 2 mánuði	50%
Loks varanleg örorka	15%“.

Stefndu viðurkenndu þegar fulla bótaskyldu á tjóni stefnanda, og í desembermánuði 1972 greiddi stefndi Samvinnutryggingar stefnanda kr. 50.000 upp í væntanlegar bætur, auk þess fékk stefnandi greiddar kr. 28.535 frá vinnuveitanda sínum og kr. 42.442 frá Sjúkrasamlagi Akureyrar. Þá fékk stefnandi greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið 11. september 1972 til 11. mars 1973, kr. 71.162, og þann 27. ágúst

1973 fékk hann greiddan örorkulífeyri í formi eingreiðslu, kr. 158.361. Þann 25. júní 1973 reiknaði Þórir Bergsson, cand act., út örorkutjón stefnanda. Í skýrslu hans segir meðal annars:

„Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Rögnvalds árin 1970—1972 voru vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið:

Árið 1969	kr. 319.106.00
— 1970	— 368.336.00
— 1971	— 490.654.00

Rögnvaldur er húsgagnasmíðameistari og mun hafa aflað tekna þessara við húsasmíðar hjá ýmsum aðilum. Ég hef umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á texta húsasmiða.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um, að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 639.777.00	kr. 219.362.00	kr. 95.967.00
Síðan árlega	— 705.213.00		— 105.782.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 215.362.00
Vegna varanlegrar örorku	— 981.956.00

Samtals kr. 1.197.498.00

Frádráttur.

1. Rögnvaldur fékk greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins frá 11/9 1972 til 11/3 1973 kr. 71.162.00. Verðmæti þeirra á slysdegi er kr. 69.938.00. Hann á einnig rétt á örorkulífeyri í formi eingreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins.
2. Ekki hefur verið athugað, hver eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps er vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Í bréfi til Samvinnutrygginga, dagsettu 3. júlí 1973, setti lögmaður stefnanda fram kröfur á hendur stefnda Samvinnutryggingum, byggðar á framangreindum örorkuútreikningi. Í bréfinu segir meðal annars:

„Í þessu bréfi set ég fram kröfur Rögnavalda Árnasonar, sem sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón	kr. 1.197.498.00	
÷ greitt f. Tr.st.	—	69.938.00
		kr. 1.127.560.00
2. Fataskemmdir	—	15.000.00
3. Miskabætur	—	600.000.00
4. Ferðakostn. til Rvíkur	—	6.740.00
5. Endurhæfing	—	12.000.00
6. Örorkumat	—	5.000.00
7. Örorkutjónsútreikn.	—	7.500.00
8. Skattframtöl	—	240.00
		Kr. 1.774.040.00

Framangreinda fjárhæð bið ég yður vinsamlega að greiða við fyrsta tækifæri ásamt vöxtum og innheimtulaunum, allt að frádregnum kr. 50.000.00, sem þér hafið þegar greitt“.

Kröfubréfi þessu svaraði stefndi Samvinnutryggingar með bréfi, dags. 28. ágúst 1973. Í því bréfi segir:

„Tilboð vort um fébótagreiðslu og skýringar á einstökum liðum tilboðsins fer hér á eftir:

1. Brúttó örorkutj. samkv. útreikn. tryggingafr. kr. 1.197.498.00	
Frádr. v/skattfr. og hagræðis af eingr. ca 25% ..	— 300.000.00
	Kr. 900.000.00
Greitt af Tryggingast. ríkisins (eingr. og dagp.) ÷	— 229.523.00
	Kr. 670.477.00
Greitt af vinnuveitanda ÷	— 28.535.00
	Kr. 641.942.00

	Fluttar kr.	641.942.00
Sjúkradagpeningar frá Sjúkrasaml. Akureyrar ÷	—	42.442.00
	Kr.	600.000.00
2. Miskabætur	—	100.000.00
	Kr.	700.000.00
Bætur frá Samvinnutr. á árinu 1972	—	50.000.00
	Kr.	650.000.00
3. Áætlað tjón á fatnaði og ferðakostnaður	—	27.000.00
	Kr.	677.000.00
4. Örorkumat og útreikn. tryggingafræðinga	—	12.500.00
	Kr.	689.500.00
5. Vextir	—	50.000.00
	Kr.	740.000.00
6. Þóknun til yðar fyrir aðstoð við uppgj. tjóns	—	41.500.00
	Kr.	781.500.00

Samkvæmt þessu tilboði nema tjónsbætur til umbjóðanda yðar ásamt vöxtum kr. 1.078.500.00 auk þóknunar til yðar og kostnaðar við örorkumat og útreikning tryggingafræðings. Í þessu sambandi viljum vér benda á, að allar greiðslur til umbjóðanda yðar frá öðrum, sem vér höfum dregið frá í bótatilboðinu, svo sem greiðslur vinnuveitanda, sjúkrasamlags og Tryggingastofnunar ríkisins, höfum vér þegar greitt eða samþykkt að greiða að fullu, þegar reikningar berast oss. Vér viljum ennfremur benda á, að vér höfum á tveimur eða þremur stöðum í uppkasti þessu viljandi sléttað af tölur, og er því ekki um reiknings skekkjur að ræða.

Það er skoðun vor, að tilboð þetta sé mjög sanngjarnt gagnvart umbjóðanda yðar, enda við það miðað, að enginn ágreiningur verði um það. Um breytingar á tilboði þessu til hækkunar getur því ekki orðið að ræða, en svar við tilboðinu óskast við fyrstu hentugleika“.

Þessu bótatilboði stefnda Samvinnutrygginga vildi stefnandi

ekki una og tilkynnti Samvinnutryggingum það með bréfi, dagsettu 4. september 1973, en í því bréfi segir meðal annars:

„Í bréfi yðar lýsið þér því yfir, að ekki komi til greina að breyta tilboðinu til hækkunar, og sýnist því tilgangslítið að gera framangreindar athugasemdir við tilboðið á þessum vettvangi. Með hliðsjón af yfirlýsingu yðar mun ég byrja málssókn til heimtu bótanna eftir 15. þ. m., enda hafi mér þá ekki borizt verulega hækkað tilboð frá yður“.

Í bréfi Samvinnutrygginga til stefnanda, dags. 7. september 1973, segir:

„Vér höfum í dag lagt inn á yðar nafn, í sparisjóðsbók við Landsbankann á Akureyri, bók nr. 18914, krónur 781.500. — sjö hundruð áttatíu og eitt þúsund og fimm hundruð $\frac{0}{100}$, — sem eru slysabætur til yðar ásamt innheimtubókun til lögmanns yðar, samkv. tilboði voru, dags. 28/8 1973, samanber ljósrit af því, er fylgir hér með.

Bókarinnar getið þér vitjað á skrifstofu vora, á venjulegum skrifstofutíma, og kvittað um leið fyrir fullnaðarbótum“.

Í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 16. september 1973, til Samvinnutrygginga segir:

„Umbj. m., Rögnvaldur Árnason, Akureyri, hefur móttengið bréf yðar, dags. 7. þ. m., varðandi bætur til hans vegna líkamstjóns, og hefur hann beðið mig um að skýra yður frá því, að hann hafni tilboði yðar framsettu í bréfinu“.

Mál þetta höfðaði stefnandi síðan á grundvelli örorkutjónsútreiknings Þóris Bergssonar, dags. 25. júní 1973, en við munnlegan flutning málsins lagði hann fram nýjan örorkutjónsútreikning Þóris Bergssonar, dags. 25. maí 1974, svohljóðandi:

„Með útreikningi, dagsettum 25. júní 1973, reiknaði ég fyrir Boga Nílsson verðmæti vinnutekjutaps Rögnvaldar. Síðan hafa allir kauptaxtar hækkað mjög mikið, bæði vegna hækkunar kaupgreiðsluvísitölu og kjarasamninga. Þar á móti kemur, að dómstólar eru nú farnir að leggja 9% vexti p. a. til grundvallar í stað 7%, en þeir vextir voru notaðir í fyrri útreikningi mínum. Ég verð því að reikna tjón Rögnvaldar alveg út að nýju og mun jafnframt til hægðarauka skrifa málið í heild. Við áætlun vinnutekna verður tekið tillit til umsaminna kauphækkana, sem koma til framkvæmda 1. des. 1974 og 1. júní 1975.

Slysið og örorkumat.

Rögnvaldur Árnason slasaðist í bílaárekstri 3. september 1972. Hann hlaut við það axlaráverka með fjölda beinbrota, bæði á við-

beini og herðablaði. Niðurstaða örorkumats, dags. 4/6 1973, sem Jónas Hallgrímsson, yfirlæknir, gerði, er eftirfarandi:

„Rögnvaldur hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Hreyfisvið vinstri axlar er varanlega takmarkað og lítils háttar rýrnun hefur orðið í vinstri upphandlegg, sem verður að teljast stafa af minni notkun handleggsins, og öxlin vinstra megin er dálítið afmynduð. Eru ekki líkur til, að hann lagist neitt úr þessu, og gæti jafnvel versnað vegna gigtar, þegar frá liður. Örorka Rögnvaldar telst sem hér segir:

Frá slysinu í 3 mánuði	100%
Síðan í 2 mánuði	75%
Síðan í 2 mánuði	50%
Loks varanleg örorka	15%“

Aldur.

Rögnvaldur er sagður fæddur 16. marz 1920 og hefur því verið 52 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Rögnvaldar árin 1970—1972 voru vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið:

Árið 1969	kr. 319.106.00
— 1970	— 368.336.00
— 1971	— 490.654.00

Rögnvaldur er húsgagnasmíðameistari og mun hafa aflað tekna þessara við húsasmíðar hjá ýmsum aðilum. Ég hef umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta húsasmíða.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um — að frádregnum 15%.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið kr.	639.777.00	kr. 219.362.00	kr. 95.967.00
2. árið eftir slysið —	926.015.00		— 138.902.00
3. árið eftir slysið —	1.103.412.00		— 165.512.00
Síðan árlega . . . —	1.136.274.00		— 170.441.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 215.362.00

Vegna varanlegrar örorku — 1.304 463.00

Samtals kr. 1.519.825.00

Frádráttur:

1. Rögnvaldur fékk greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins frá 11/9 1972 til 11/3 1973, kr. 71.162.00. Verðmæti þeirra á slysdegi er kr. 69.938.00.

Hann á einnig rétt á örorkulífeyri í formi eingreiðslu frá Tryggingastofnuninni.

2. Ekki hefur verið athugað, hver eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps er vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a. til 16. maí 1973, en 9% síðan til frambúðar, dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfum sínum til hækkunar til samræmis við hinn nýja örorkutjónsútreikning og kostnað við hann.

Í tilefni af kröfuhækkun þessari lét lögmaður stefndu bóka eftirfarandi:

„Lögmaður stefndu mótmælir ekki, að stefnandi leggi fram nýjan tjónsútreikning og komi að kröfuhækkun. En mótmælt er réttmæti kröfuhækkunar, þar eð tjón stefnanda er þegar bætt að fullu og kröfuhækkun því stefndu óviðkomandi. Mótmælt er á sama hátt reikningi á dskj. nr. 31.

Með samþykki lögmanns stefnanda mun ég fá Þóri Bergsson, cand. act., til að umreikna verðmæti greiðslu umbj. m. til samræmis við nýjan örorkuútreikning og leggja þann útreikning fram áður dómur gengur. Er þetta skilyrði af minni hálfu fyrir því, að kröfuhækkun stefnanda komist að“.

Í samræmi við bókun þessa sendi lögmaður stefndu dóminum, eftir dómtöku málsins, svofelldan útreikning Þóris Bergssonar, cand. act., dags. 10. júní 1974:

„Samkvæmt bréfi, dagsettu 28. ágúst 1973, lögðu Samvinnu-tryggingar g.t. fram tilboð um fébótagreiðslu vegna afleiðinga ofangreinds slyss. Tilboðsupphæð vegna örorkutjóns var reist á útreikningi mínum, dagsettum 25. júní 1973. Í bréfi, dagsettu 7. sept-

ember 1973, til Rögnavalдар Árnasonar frá Samvinnutryggingum g.t., segir, að félagið hafi lagt inn á sparisjóðsbók hjá Landsbankanum á Akureyri, bók nr. 18914, kr. 781.500.00 sem slysabætur til hans og innheimtubóknun til lögmanns.

Þér óskið þess nú, að ég reikni út tjón Rögnavalдар með tilliti til þess, sem þekkt var varðandi kauptaxta 7. september og þar sem almennir bankavextir hækkuðu úr 7% p. a. í 9% 16. maí 1973, óskið þér þess, að ég noti 9% vexti við þennan útreikning, en dómstólar munu ávallt hafa fylgt þeirri reglu að nota almenna bankavexti við ákvörðun bóta vegna lífs- og líkamstjóns.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps með tilliti til þekkts ástands 7. september 1973 verður:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið kr.	639.777.00	kr. 219.362.00	kr. 95.967.00
Síðan árlega . . . —	753.026.00		— 112.954.00

Verðmæti þessa taps á slysdegi reiknast mér nema:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 215.362.00

Vegna varanlegrar örorku — 916.578.00

Samtals kr. 1.131.940.00

Mismunurinn á þessum útreikningi og þeim, sem ég gerði 25. júní 1973, er einungis sá, að tekið hefur verið tillit til hækkunar kauptaxta vegna breytingar á kaupgreiðsluvísitölu 1. september 1973, og notaðir eru 9% vextir p. a. frá 16. maí 1973.

Ég reiknaði örorkutjón Rögnavalдар aftur með útreikningi, dags. 25. maí 1974. Höfðu þá allir kauptaxtar hækkað mjög verulega. Í þeim útreikningi notaði ég 7% vexti p. a. til 16. maí 1973 — síðan 9%, eins og hér að framan.

Niðurstaða þess útreiknings var, að verðmæti tapsins á slysdegi væri:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 215.362.00

Vegna varanlegrar örorku — 1.304.463.00

Samtals kr. 1.519.825.00

Ég hef áður gert athugun á því, hvaða aðferðir sé hugsanlegt að nota við ákvörðun bóta, þegar greitt hefur verið upp í lang-

varandi lífs- og líkamstjón, áður en lokauppgjör fer fram. Þetta vandamál þarfnast lausnar, þegar verð- og kaupþensluástand ríkir.

Þessi athugun fylgir hér með, ef einhver stoð mætti verða af henni.

Ef sú hugmynd, sem ég set fram við ákvörðun bóta til handa Rögnvaldi, og ég nota þá þekkingu, sem var fyrir hendi í júní 1973, — að ósk yðar — verður niðurstaðan eftirfarandi:

Tímabil I: Frá 1. sept. 1972 í 1 ár.

Tímabil II: Síðan.

Niðurstöður verða þessar:

	Verðmæti taps. skv. útr., dags. 16. júní 1973.		Verðmæti taps skv. útr., dags. 25. maí 1974.	
	Tímab.:	Varanl.:	Tímab.:	Varanl.:
Tímabil I:	kr. 215.362.00	kr. 92.282.00	kr. 215.362.00	kr. 92.282.00
Tímabil II:	— 0.00	— 771.957.00	— 0.00	— 1.212.181.00
Samtals	kr. 215.362.00	kr. 864.239.00	kr. 215.362.00	kr. 1.304.463.00

Af tilboði Samvinnutrygginga má sjá, að Rögnvaldur er talinn hafa fengið greiddar eftirfarandi upphæðir:

Dagpeningar og eingreiðsla frá Tryggingast.

ríkisins	kr. 229.523.00
Sjúkrapeningar frá Sjúkrasamlagi Akureyrar	— 42.442.00
Frá vinnuveitanda	— 28.535.00
Frá Samvinnutryggingum 1972	— 50.000.00

Samtals kr. 350.000.00

Þessar upphæðir þyrfti allar að reiknast til verðmætis á slysdegi. Í þessu tilviki yrði aðeins um lítils háttar lækun á upphæðunum að ræða, þar sem allar þessar upphæðir virðast hafa verið greiddar innan árs frá slysdegi.

Af þessu virðist ljóst, að Rögnvaldur hefur þegar fengið meira greitt en nemur fjárhagslegu tjóni á tímabili I, þegar Samvinnutryggingar g.t. lögðu tilboðsfjárhæðina inn á bankabók. Samkvæmt meðfylgjandi athugun minni kemur þá tvennt til greina:

1. Að meta tjónið svo sem verið væri að gera það upp í septemberbyrjun 1973 og nota þá útreikning, sem miðast við þann tíma.

2. Að nota nýjasta útreikning minn, en hækka það, sem rétt dæmist að hafa verið greitt upp í örorkutjónið (ég lít framhjá miskanum) 7. september 1973 (— einnig forðast ég að hafa opinbera skoðun á því, hvort um uppígreiðslu hafi verið að ræða eða ekki). Ekki veit ég, hver sú upphæð er, og gef því einungis upp þann margfaldara, sem nota ætti við þann umreikning.

Tvennt kemur til greina:

- A. Að nota breytingar á kaupþöxtum frá septemberbyrjun til gildandi taxta.
- B. Að nota breytingar á neytluvöruvísitölu, sem er bezt í áanlegi mælikvarði á verðgildi íslensku krónunnar.

Margfaldararnir verða:

Aðferð A: 1.37150.

Aðferð B: 1.27312.

Hér er niðurstaða samkv. aðferð A óbyggjandi. Hins vegar er aðferð B bundin nokkrum vanda. Reynt hefur verið að taka tillit til útreikninga Hagstofu Íslands á efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru í maí s.l., en raunverulegar afleiðingar þeirra aðgerða eru enn óljósar. Margfaldari samkvæmt aðferð B er lágmarkstala.

Þér óskið þess einnig, að ég reikni út, hver áhrif skattfrelsis bóta í formi eingreiðslu hefur. Þar sem ég hef ekki skattframtöl Rögnvaldar undir höndum nú, byggji ég á upplýsingum Gunnars Sólnes, lögmanns, varðandi frádráttarliði skattframtals fyrir árið 1971. Samkvæmt þeim upplýsingum hefur tímabundin örorka valdið tekjumissi milli 10% til 15% á skatthagnaðarverðmæti tímabundins vinnutekjutaps og milli 30% og 35% á verðmæti varanlegs taps.

Hvort tveggja er hægt að reikna nákvæmlega, ef fullnægjandi upplýsingar eru fyrir hendi, en þar sem svo er ekki vegna þess, og því ekki tími til öflunar nægra gagna og úrvinnslu þeirra, verð ég að láta frá mér fara niðurstöðu, sem reist er á lágmarks og hámarks forsendum“.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að ökumaður bifreiðarinnar A 363, Hreinn Jónasson, hafi átt alla sök á árekstrinum, sem stefnandi slasaðist í, en skráður eigandi bifreiðarinnar, stefndi Jónas, beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem hann varð fyrir, sbr. 67. gr. umferðarlaga. Þá sé bifreiðin A 363 ábyrgðartryggð hjá stefnda Samvinnutryggingum og sé félaginu stefnt samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi endanlega þannig:

1. Örorkubætur	kr. 1.519.825
	÷ — 217.938
	kr. 1.301.887
2. Fatatjón	— 15.000
3. Kostnaður v/ferðar til Rvíkur	— 6.740
4. Kostnaður v/endurhæfingar	— 12.000
5. Kostnaður v/örorkumats	— 5.000
6. Kostnaður v/örorkutjónsútreiknings	— 14.000
7. Miskabætur (sársauki, óþægindi o. s. frv.)	— 600.000
	Samtals kr. 1.954.627
	÷ áður greitt — 120.977
	Samtals kr. 1.833.650

sem er stefnufjárhæð í málinu.

Stefndu viðurkenna óskoraða fébótaábyrgð á slysinu, en reisa sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi verið gert mjög sanngjarnt og eðlilegt bótatilboð á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um tjón hans af völdum slyssins, þannig að hann hefði með uppgjöri samkvæmt tilboðinu fengið tjón sitt af völdum slyssins fullbætt. Þar eð staðið hafi verið við þetta bótatilboð af hálfu stefndu með greiðslu tilboðsfjárhæðar sem geymslufjár á nafn stefnanda í Landsbanka Íslands, séu þeir lausir allra mála gagnvart stefnanda.

Eins og að framan er rakið, var greiðslutilboð stefndu bundið þeim skilyrðum, að stefnandi gæfi þeim fullnaðarkvittun fyrir greiðslu bótanna og félli þar með frá rétti sínum til að leita úrlausnar dómstóla um frekari rétt sinn. Stefnanda var því rétt að hafna viðtöku greiðslunnar. Verður því með vísan til framangreinds hvorki sýknukrafa né varakrafa stefndu tekin til greina.

Verður nú fjallað um kröfu stefnanda í samræmi við sundurliðun hans á henni.

Um lið 1.

Eins og áður segir, byggist kröfuliður þessi á örorkutjónsútreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., dags. 25. maí 1974, sem er samtals kr. 1.519.825. Frá þessum lið eru dregnar kr. 217.938, sem eru verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins á slysdagi. Stefndu vefengja ekki örorkumatið, og útreikningur á örorkutjóninu sætir ekki andmælum af þeirra hálfu, en mótmæla

lið þessum sem of háum og krefjast lækkunar á honum vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis með hliðsjón af dómvenju í þeim efnum. Á það má fallast með stefndu, að nokkurt hagræði sé að því fyrir stefnanda að fá hina varanlegu örorku greidda í einu lagi. Þá má einnig gera ráð fyrir nokkrum hagnaði stefnanda til handa vegna skattfrelsis bótanna, að minnsta kosti sé gert ráð fyrir, að beinir skattar verði hér til frambúðar. Þykir því rétt að lækka kröfulið þennan nokkuð af framangreindum ástæðum. Þykir tjón stefnanda samkvæmt lið þessum hæfilega metið kr. 1.000.000 að fráðregnum bótum almannatrygginga.

Um lið 2 og 3.

Liðir þessir hafa ekki sætt andmælum af hálfu stefndu og verða því teknir til greina að fullu.

Um lið 4.

Stefndu mótmæla lið þessum og telja sig vera búna að greiða hann með kr. 9.680, sem stefnandi hafi kvittað fyrir móttöku á. Hafa stefndu lagt fram í málinu kvittun stefnanda, dagsetta 9. mars 1973, fyrir móttöku á framangreindri fjárhæð, „sem greiðslu í eitt skipti fyrir öll fyrir læknskostnað og endurhæfingu vegna slyss, er ég varð fyrir 3. september 1972 af völdum bifreiðar A 363“. Stefndi hefur ekki lagt fram kvittanir fyrir frekari kostnaði vegna endurhæfingar, og þykir liður þessi því ekki nægjanlega rökstuddur gegn mótmælum stefndu, og ber því að sýkna af honum.

Um lið 5 og 6.

Stefndu andmæla ekki liðum þessum, og ber því að taka þá til greina að fullu.

Um lið 7.

Stefndu hafa mótmælt lið þessum sem allt of háum. Hér að framan hefur verið lýst áverkum þeim, sem stefnandi hlaut við slysið, og einnig hefur sjúkrasaga hans verið rakin svo og batahorfur. Með vísan til þess þykir mega taka fjárhæð þessa til greina með kr. 190.000.

Eins og áður er rakið, hefur stefnandi þegar fengið greiddar frá stefnda Samvinnutryggingum, vinnuveitanda sínum og frá Sjúkrasamlagi Akureyrar samtals kr. 120.977, sem ber að draga frá framangreindum fjárhæðum.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefnda Jónasi Kristjánssyni og stefnda Samvinnutryggingum g/t sem ábyrgðartryggjanda A 363 verður gert að greiða stefnanda in solidum kr. 1.103.263 (1.000.000 + 15.000 + 6.740 + 5.000 +

7.500 + 190.00 ÷ 120.977) ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1972 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber einnig að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 150.000.

Dráttur á uppkvaðningu dóms þessa stafar af embættisönnum dómara.

Dómsorð:

Stefndu, Jónas Kristjánsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, Rögnvaldi Árnasyni, in solidum kr. 1.103.263 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. september 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 150.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. mars 1976.

Nr. 126/1974. **Rannveig Ingimundardóttir**

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)

gegn

Oddvita Sveinsstaðahrepps f. h. hreppsins

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og prófessor Arnlfótur Björnsson.

Fasteignaskattur. Synjað uppboðs. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. júní 1974. Krefst hún þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.